

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895.

(Lagt fyrir alþingi 1914.)

Aftan við síðustu málsgrein í 2. gr. laga um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895 bætast orðin:

eða þá, að því er snertir landhelgina, íslenskan fána, sem ákveðinn verður með konungsúrskurði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með því að Hans hátign konungurinn hefir ákveðið með allrahæstum úrskurði, dags. 22. nóv. 1913, löggilding á íslenskum fána, er nota meggi eigi að eins hvarvetna á landi, heldur og af íslenskum skipum í íslenskri landhelgi, þykir rjett að koma fram nú þegar með tillögu um breyting á þeim ákvæðum íslenskra laga, er komið gætu í bága við það, að öll íslensk skip noti íslenska fánann í landhelgi. Það er því lagt til, að beinu ákvæði um þetta sje bætt inn í 2. gr. skrásetningarlaganna.
